

## ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

---

### Brunavarnir

Leitast er við að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna eins og kostur er.

Útgönguleiðir eru merktar í öllum kennslustofum skólans.

Ef eldur er laus í skólanum fer í gang viðvörunarkerfi. Slökkvitæki eru á göngum.

Reglubundnar brunaæfingar verða í báðum deildum.

### Rýmingaráætlun yngri deildar Varmárskóla

- Í öllum grunnskólum ættu að vera viðurkennd brunaviðvörunarkerfi, útljós og neyðarlýsing. Flóttaleiðir skulu vera í tvær gagnstæðar áttir og björgunarop á hverri stofu. Í hverri stofu skal vera nafnalisti með nöfnum barnanna og stundaskrá.
- Fari brunaviðvörunarkerfið í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.
- Skólastjóri eða staðgengill fer að stjórnstöflu brunaviðvörunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
- Kennarar undirbúi rýmingu kennslustofunnar, bíða í ca. 3 mín. eftir kalli í allar stofur um hvaðan viðvörunin kemur. *Muna eftir nafnalista.* Nemendur eiga að ganga út (ekki hlaupa) á söfnunarsvæði. (Ath. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni, hvort að börnin þurfa að fara í skó og yfirhafnir) Kennarar telja hvað margir fara út úr stofunni.
- Skólaliðar rýma salerni og kjallara.
- Ritari hefur samband við slökkvilið í síma 112, tilkynnir um eld eða gefur skýringar á brunaboðinu. Starfsfólk rýmir skólann og fer á fyrirfram ákveðið söfnunarsvæði.
- Ritari hringir í eldri deildina og í íþróttahúsið og biður um að nemendum sem eru þar sé haldið inni.
- Þegar komið er á söfnunarsvæðið skal hver deild hafa afmarkað svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort öll börnin hafi komist út. Ef að það vantar í nemendahópinn skal kennari standa við hópinn og rétta upp hönd og tilkynna umsjónarmanni söfnunarsvæðis (deildarstjóra).
- Skólastjóri eða deildarstjóri fer á milli á milli hópa og fær upplýsingar um hve mörg börn hafa ekki skilað sér með hópnum út og eins ef vitað er hvar þau sáust síðast.
- Slökkvilið kemur á staðinn, ritari fer út að innkeyrslunni á móti slökkviliðinu og vísar leiðina að skólanum. Skólastjórinn eða deildarstjóri gefur varðstjóra upplýsingar um hve mörg börn hafi orðið eftir inni og hugsanlegar staðsetningar þeirra.
- Farið með börn og starfsfók af svæðinu í eldri deildina eða íþróttahús (fer eftir því hvar eldurinn er).
- Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.

12. desember 2011

## Rýmingaráætlun eldri deildar Varmárskóla

Fari brunaviðvörðunarkerfið í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

- Húsvörður og skólastjórnandi eða staðgenglar fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og athuga hvaðan brunaboðið kemur og kanna nánar hvað um er að vera. Ritari er því næst látinn vita hvað um er að vera.
- Ritari kallar í allar stofur og lætur vita um hvort rýma skuli skólann eða ekki. Þessi skilaboð skal endurtaka tvisvar.
- Starfsmenn skólans halda kyrru fyrir í því rými sem þeir eru staddir og bíða eftir rólegir frekari fyrirmælum.
- Kennarar undirbúa rýmingu sinnar kennslustofu. Allir nemendur fá plasthlífar á fæturna. Mjög áriðandi er að fara eftir teikningu um útgönguleiðir sem hangir á vegg kennslustofu.
- Verði eldur laus í útistofun skal rýma þær samstundis.
- Þegar út er komið safnast allir saman á söfnunarsvæði sem er fótboltavöllurinn /körfuboltavöllurinn fyrir framan aðalinnganginn. Nemendur fara í beinar raðir eftir bekkjum. Ritarar láta kennara hafa nafnalista. Kennarar fara yfir nafnalista og athuga hvort allir nemendur hafi komist út.
- Húsvörður/skólastjórnandi eða staðgenglar, hafa samband við slökkvilið í síma 112 og tilkynna og eða gefa skýringar á brunaboðinu ef ekki er um eld að ræða.
- Skólastjórnandi fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve mörg börn hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þau sáust síðast í skólanum eða hvort um fjarvist er að ræða.
- Ef veður er slæmt fara börn í íþróttahús.

### Hlutverk starfsmanna:

**Lyfta :** Deildarstjórar læsa lyftu.

**Bókasafn:** Bókavörður rýmir safnið.

**Heimilisfræði:** Starfsmenn slökkva á öllum tækjum.

**Matsalur:** Þeir starfsmenn sem eru með gæslu rýma salinn ásamt starfsfólki í eldhúsi.

**Kaffistofa:** Matráður stýrir rýmingu og lokar hurðum.

**Vinnuherbergi kennara:** Ritari stýrir rýmingu og lokar hurðum.

**Salerni:** Húsvörður ásamt gangavörðum athugar salernin.

**Aðalinngangur gæsla:** Húsvörður og gangaverðir

Sá aðili sem síðastur fer úr hverri stofu skal loka hurð á eftir sér þannig er dregið úr reyklæði um bygginuna. Þannig er líka hægt að hindra útbreiðslu elds.

**Mikilvægt:** Að halda ró sinni og ryðjast ekki út.